

# STJÓRNARTÍÐINDI B 125 – 2004

6. október 2004

2025

Nr. 820

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

*Breytingar á deiliskipulagi við Strikið 2-12.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tvær tillögur að óverulegum breytingum á deiliskipulagi lóðarinnar við Strikið 2-12, sem er Jónshús, í Sjálandi í Garðabæ.

Í fyrri breytingunni felst að gólfkóti inngangshæðar í þjónustumiðstöð og íbúða eldri borgara við Strikið 6, lækkar um 60 cm þ.e. úr 7 m í 6,40 m.

Í síðari breytingunni felst að heimilt er að breyta byggingarreit kjallara neðanjarðar undir garði hússins við Strikið 2-12.

Skipulagsskilmálar hverfisins eru óbreyttir í báðum tilvikum.

Deiliskipulagsbreytingar þessar hafa fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Auglýsing þessi er m.a. leiðrétting á fyrri auglýsingu nr. 741/2004 varðandi Strikið 6 sem birtist 10. september sl.

*Breyting á deiliskipulagi Hraunsholts í Ásum við Bjarkarás og Brekkuás.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Hraunsholti í Ásum við Bjarkarás og Brekkuás í Garðabæ.

Í breytingunni er m.a. lagt til að við Bjarkarás verði tvær lóðir með samtals 30 íbúðum í eins og tveggja hæða fjölbýlishúsum og við Brekkuás verði leikskóli. Jafnframt er gert ráð fyrir að gangstígur liggji í gegnum svæði frá Ásabraut að Vífilsstaðavegi.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Ofangreindar skipulagsbreytingar öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 6. október 2004.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.